

HVALFJARÐAR  
SVEIT



**Skipulagsstofnun**  
Bt. Sigurður Ásbjörnsson  
[Sigurdur.Asbjornsson@skipulag.is](mailto:Sigurdur.Asbjornsson@skipulag.is)  
[skipulag@skipulag.is](mailto:skipulag@skipulag.is)  
Laugavegi 166  
150 Reykjavík

Hvalfjarðarsveit  
Innrímel 3  
301 Akranes

Sími 433 8500

Kt. 630606-1950

15. júní 2023

2305052

#### Qair, umsögn um matsskyldu vegna vetnisframleiðslu.

Á 20. fundi umhverfis-, skipulags-, náttúruverndar-, og landbúnaðarnefndar Hvalfjarðarsveitar þann **1.6.2023** var gerð eftirfarandi bókun:

Qair hefur sent Skipulagsstofnun tilkynningu (móttækin 12. apríl 2023), um vetnisframleiðslu á Grundartanga skv. 19. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Í samræmi við 20. gr. laga nr. 111/2021 er óskað eftir að Hvalfjarðarsveit gefi umsögn um framkvæmdina.

Í umsögninni skal koma fram eftir því sem við á, hvort sveitarfélagið telji að nægjanlega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, umhverfisáhrifum, mótvægisáðgerðum og vöktun eftir því sem við á. Jafnframt hvort og þá hvaða atriði þurfi að skýra frekar og hvort þau kalli á að framkvæmdin fari í umhverfismat að teknu tilliti til viðmiða í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Jafnframt skal í umsögn gera grein fyrir leyfum sem framkvæmdin er háð og eru á starfssviði umsagnaraðila.

Umsögnin óskast send Skipulagsstofnun.

Qair Íceland og Íslenska vetnisfélagið undirbúa framleiðslu á rafeldsneyti á Grundartanga. Framkvæmdin er sjálfstætt verkefni, en er tilraunaframleiðsla sem tengist stærri áformum Qair, sem fjallað er um í matsáætlun fyrir framleiðslu rafeldsneytis á sömu lóð. Um er að ræða tilraunaframleiðslu á vetni með rafgreiningu.

Framleiðslubúnaðurinn kemst fyrir í tveimur 40 feta gámum sem staðsettir verða á steyptri plötu, ásamt hjálparbúnaði sem tilheyrir framleiðslunni. Stækkunarmöguleiki er til að unnt verði að mæta eftirspurn eftir vetni í samgöngum ef til þess kemur. Að mati Hvalfjarðarsveitar mætti koma skýrar fram hverjir mögulegir stækkunarmöguleikar framleiðslunnar eru.

Helstu áhrifaþættir verkefnisins eru framkvæmdir við að setja upp starfsemina og á rekstrartíma búnaður og rekstur stöðvarinnar. Áhrifin eru helst rask og ásýndarbreytingar. Losun í andrúmsloft er hreint súrefni og ekki verður losun í jörð eða vatn. Umhverfisþættir sem fjallað er um eru loftgæði, hljóðvist, gróðurfar, ásýnd, vatn, lífríki, menningarmínjar, loftslag, öryggi og heilsa.

Fyrir vetnisframleiðslu með 5 MW rafgreini er ársframleiðsla um 750 tonn og mikilvægustu aðföng eru rafmagn og vatn og skv. magnþolum (tafla 2 í skýrslunni) er talað um allt að 12 MW og 2.000 lítra af vatni á klst. Hvalfjarðarsveit bendir á, að þrátt fyrir góða innviði á Grundartanga þá er ekki um

ótakmarkaðar auðlindir að ræða og því m.a. nauðsynlegt að gera betur grein fyrir vatnsöflun og öflun raforku fyrir verkefnið.

Hvalfjarðarsveit bendir einnig á verndarsvæði í nágrenni framkvæmdarsvæðisins en þar eru svæði á náttúruminjasrá vegna fjölbreytts landslag, fuglalífs, fjöruvistgerða og sela. Einnig er Hvalfjörður skilgreindur alþjóðlega mikilvægt fuglasvæði (Important Bird Areas). Að mati Hvalfjarðarsveitar þarf állt sérfræðinga á því hvort fyrirhuguð framleiðsla hafi áhrif lífríki og/eða vistgerðir.

Hvað varðar hljóðvist, þá er tekið fram að hávaði frá tækjabúnaði verði undir viðmiðunarmörkum reglugerða. Hvalfjarðarsveit vill beina því til Skipulagsstofnunar að gerðar verði hljóðvistarmælingar á Grundartanga en falsvert hefur borið á því að kvartanir berist vegna hávaðamengunar frá svæðinu. Það er því ljóst að þó hávaði sé innan skilgreindra marka, þá hefur hann áhrif og veldur óþægindum langt útfyrir framkvæmdasvæðið.

Í tilkynningunni er talað um að gengið verði frá hættulegum eignum þannig að ekki sé hætt á að þau berist út í umhverfið og valdi mengunaróhöppum. Það mætti koma skýrar fram um hvaða hættulegu efnin er verið að ræða.

Þá er rætt um fornleifar og þjóðminjavernð og það orðað sem svo að ólíklegt sé að þær minjar sem fyrir eru raskist. Hvalfjarðarsveit finnst mikilvægt að framkvæmdaraðili tryggi að ekki verði röskun minja við framkvæmdina og að náði samráð verði haft við Minjastofnun Íslands þar sem staðsetning framleiðslunnar gæti haft áhrif á fornminjar.

Vegna sprengihættu leggur Hvalfjarðarsveit ríka áherslu á að gert verði áhættumat fyrir framleiðsluna. Einnig þarf að staðsetja útblástur súrefnis þannig að ekki skapist hættu fyrir fólk og dýr, en hreint súrefni er varasamt fyrir lífverur.

Í umfjölluninni er vísað í aðalskipulag Hvalfjarðarsveitar 2008-2020. Nýtt aðalskipulag hefur öðlast gildi og því mikilvægt að uppfæra upplýsingar til samræmis við það.

Í deiliskipulagi er afmarkaður byggingarreitur og falla mannvirkin undir skilmála sem þar eru settir fram. Rætt er um að mögulega verði valin staðsetning utan byggingareitar en þá þarf að óska eftir breytingu á deiliskipulagi.

Sækja þarf um byggingarleyfi til Hvalfjarðarsveitar.

Að þessum skilyrðum uppfylltum telur Hvalfjarðarsveit ólíklegt að framkvæmdin valdi verulegum neikvæðum umhverfisáhrifum í skilningi laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

**Endanlegri afgreiðslu vísað til sveitarstjórnar Hvalfjarðarsveitar.**

Á 377. fundi sveitarstjórnar Hvalfjarðarsveitar sem haldinn var **14.6.2023** var tekið fyrir mál

*Qair hefur sent Skipulagsstofnun tilkynningu (móttekin 12. apríl 2023), um vettisframléiðslu á Grundartanga skv. 19. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.*

*Í samræmi við 20. gr. laga nr. 111/2021 er óskað eftir að Hvalfjarðarsveit gefi umsögn um framkvæmdina.*

*Í umsögninni skal koma fram eftir því sem við á, hvort sveitarfélagið telji að nægjanlega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, umhverfisáhrifum, mótvægisáðgerðum og vöktun eftir því sem við á. Jafnframt hvort og þá hvaða atriði þurfi að skýra frekar og hvort þau kalli á að framkvæmdin fari í umhverfismat að teknu tilliti til viðmiða í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Jafnframt skal í umsögn gera grein fyrir leyfum sem framkvæmdin er háð og eru á starfssviði umsagnaraðila.*

*Umsögnin óskast send Skipulagsstofnun.*

**Varaoddviti lagði fram eftirfarandi tillögu:**

"Sveitarstjórn samþykkir umsögn umhverfis-, skipulags-, náttúruverndar- og landbúnaðarnefndar og gerir hana að sinni. Að mati sveitarstjórnar Hvalfjarðarsveitar mætti koma skýrar fram hverjir mögulegir stækkunarmöguleikar framleiðslunnar eru. Sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar bendir á, að þrátt fyrir góða innviði á Grundartanga þá er ekki um ótakmarkaðar auðlindir að ræða og því m.a. nauðsynlegt að gera betur grein fyrir vatnsöflun og öflun raforku fyrir verkefnið. Sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar bendir einnig á verndarsvæði í nágrenni framkvæmdarsvæðisins en þar eru svæði á náttúruminjaskrá vegna fjölbreytts landslag, fuglalífs, fjöruvistgerða og sela. Einnig er Hvalfjörður skilgreindur alþjóðlega mikilvægt fuglasvæði (Important Bird Areas). Að mati sveitarstjórnar Hvalfjarðarsveitar þarf álit sérfræðinga á því hvort fyrirhuguð framleiðsla hafi áhrif á lífríki og/eða vistgerðir. Hvað varðar hljóðvist, þá er tekið fram að hávaði frá tækjabúnaði verði undir viðmiðunarmörkum reglugerða. Sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar vill beina því til Skipulagsstofnunar að gerðar verði hljóðvistarmælingar á Grundartanga en talsvert hefur borið á því að kvartanir berist vegna hávaðamengunar frá svæðinu. Í tilkynningunni er talað um að gengið verði frá hættulegum eignum þannig að ekki sé hætt á að þau berist út í umhverfið og valdi mengunaróhöppum. Það mætti koma skýrar fram um hvaða hættulegu efni er verið að ræða. Sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar finnst mikilvægt að framkvæmdaraðili tryggi að ekki verði röskun minja við framkvæmdina og að náð samráð verði haft við Minjastofnun Íslands þar sem staðsetning framleiðslunnar gæti haft áhrif á fornminjar. Vegna sprengihættu leggur Hvalfjarðarsveit ríka áherslu á að gert verði áhættumat fyrir framleiðsluna. Einnig þarf að staðsetja útblástur súrefnis þannig að ekki skapist hættu fyrir fólk og dýr. Í umfjölluninni er vísað í aðalskipulag Hvalfjarðarsveitar 2008-2020. Nýtt aðalskipulag hefur öðlast gildi og því mikilvægt að uppfæra upplýsingar til samræmis við það. Í deiliskipulagi er afmarkaður byggingarreitur og falla mannvirkin undir skilmála sem þar eru settir fram. Rætt er um að mögulega verði valin staðsetning utan byggingarreitar en þá þarf að óska eftir breytingu á deiliskipulagi. Að þessum skilyrðum uppfylltum telur Hvalfjarðarsveit ólíklegt að framkvæmdin valdi verulegum neikvæðum umhverfisáhrifum í skilningi laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana."

**Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.**

Það tilkynnist hér með.

Virðingarfyllt,

Arnheiður Hjörleifsdóttir  
Umhverfisfulltrúi Hvalfjarðarsveitar  
[umhverfi@hvalfjardarsveit.is](mailto:umhverfi@hvalfjardarsveit.is)

## Umsögn Akraneshrepps

Til : Sigurður Ásbjörnsson - SLS <Sigurdur.Asbjornsson@skipulag.is>  
Frá : Lárus Ársælsson <larus@akranes.is>  
CC : sigurdur.pall.hardarson <>  
Heiti : Umsögn Akraneshrepps  
Málsnúmer : 202304033  
Málsaðili : Qair Iceland ehf  
Skráð dags : 02.06.2023 00:00:00  
Höfundur : Lárus Ársælsson <larus@akranes.is>  
Viðhengi image001.jpg

Sælir

Við höfum kynnt okkur framlögð gögn og sjáum ekki þörf á að gera athugasemd við þau að svo stöddu.



Lárus Ársælsson  
Umhverfisstjóri Akraneskaupstaðar  
S: 4331064  
Netfang: [larus@akranes.is](mailto:larus@akranes.is)  
[www.akranes.is](http://www.akranes.is)

---

**From:** Sigurður Ásbjörnsson - SLS

**Sent:** 04.05.2023 11:16:32

**To:** Hvalfjarðarsveit ;Umhverfi ;Skipulag ;Akranes Email;kjos@kjos.is ;eftirlit;Þorsteinn Narfason;brunavarnasvid@hms.is ;postur@minjastofnun.is ;Kristinn Magnússon ;Móttaka - NI ;Snorri Sigurðsson - NI ;OS netfang ;samgongustofa@samgongustofa.is ;Umhverfisstofnun (ust@ust.is) ;Vegagerðin - VG ;Vinnueftirlitið - VER

**Subject:** Vetnisframleiðsla Grundartanga - umsagnarbeiðni um matsskyldu

Til: Hvalfjarðasveitar, Akraneskaupstaðar, Kjósarhrepps, Heilbrigðiseftirlits Vesturlands, Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar (Brunavarnasvið), Minjastofnunar Íslands, Náttúrufræðistofnunar Íslands, Orkustofnunar, Samgöngustofu, Umhverfisstofnunar, Vegagerðarinnar og Vinnueftirlits ríkisins.

Góðan dag

**Qair** hefur sent Skipulagsstofnun meðfylgjandi tilkynningu móttekin

**12. apríl 2023**, um ofangreinda framkvæmd skv. 19. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.


Í samræmi við 20. gr. laga nr. 111/2021 er hér með óskað eftir að **viðtakendur** gefi umsögn um ofangreinda framkvæmd.

Í umsögninni skal koma fram eftir því sem við á, hvort **þið** teljið að nægjanlega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, umhverfisáhrifum,



Heilbrigðiseftirlit  
Vesturlands

Skipulagsstofnun  
Borgartúni 7b  
105 Reykjavík  
[sent á skipulag@skipulag.is](mailto:sent_á_skipulag@skipulag.is)



23. febrúar 2023

### Tilraunaframleiðsla á Framleiðsla á vistvænum orkugjöfum á Grundartanga í Hvalfjarðarsveit

Vísað er í tölvupóst Skipulagsstofnunar dagsettur 4. maí 2023 þar sem óskað er umsagnar Heilbrigðiseftirlits Vesturlands um matskyldufyrirspurn vegna tilraunaframleiðslu á vetni á Grundartanga. Skýrslan var unnin af VSÓ ráðgjöf í apríl 2023 fyrir Qair Iceland. Í skýrslunni er lýst fyrirætlunum um að setja upp aðstöðu í tveimur 40 feta gámum þar sem vetni verður framleitt með rafgreiningu með 5 MW rafgreini með möguleika á stækkun um helming.

Heilbrigðiseftirlitið telur að mestu nægjanlega gert grein fyrir framkvæmdinni en skýrara væri að geta um hvers konar mengunarvarnabúnað fyrirtækið hyggst setja upp vegna olíu í fráveitu. Stærsta umhverfisáhættan af starfseminni virðist vera eldhætta og sprengihætta. Því þarf að leggja fram áhættumat sem skýrir áhættu aðila út frá því að allt klabbíð springi í loft upp og hvaða áhrif það hefði og hvernig svæðið er í stakk búið til að bregðast við verstu aðstæður.

Að öðru leiti er vísað í athugasemdir eftirlitsins við framleiðslu á vistvænum orkugjöfum á Grundartanga dagsettar 23. febrúar 2023.

Virðingarfyllst,

Þorsteinn Narfason  
framkvæmdastjóri.



Skipulagsstofnun  
Borgartúni 7b  
105 Reykjavík

Sauðárkrókur 01.06.2023  
Tilvísun: 202306021

**Málefni: Eldsneytisframleiðsla Grundartanga - matskyldufyrirspurn.**

Brunavarnasviði Húsnæðis- og Mannvirkjastofnunar barst matskyldufyrirspurn frá Skipulagsstofnun varðandi tilkynningu frá Qair Iceland ehf vegna fyrirhugaðrar tilraunaframleiðslu vetnis á Grundartanga. Umsögn er gefin í samræmi við Í samræmi við 20. gr. laga nr. 111/2021.

Brunavarnasvið HMS gerir athugasemdir við tilkynningu frá Qair Iceland ehf. Í tilkynningu til Skipulagsstofnunar um matsáætlun er ekki gert nægjanlega grein fyrir áætlaðri framkvæmd, umhverfi hennar, umhverfisáhrifum og mótvægisáðgerðum. Nauðsynlegt er að unnið verði skv. reglugerð nr. 349/2004, reglugerð um sprengifimt andrúmsloft á vinnustöðum og viðeigandi stöðlum er vaða sprengifimt andrúmsloft.


Þessir þættir þurfa að vera teknir inn í áætlað áhættumat vegna efnanotkunar.

Einnig vill Brunavarnasvið HMS benda á að nauðsynlegt er að framkvæmt sé áhættumat og brunahönnun fyrir mannvirkni í samræmi við 9.2.4 grein byggingarreglugerðar nr.112/2012

Virðingarfyllst,  
f.h. Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar

Ingvar Gygjar Sigurðarson,  
sérfræðingur á brunvarnasviði

Skipulagsstofnun  
Sigurður Ásbjörnsson  
Borgartún 7b  
105 Reykjavík



Minjastofnun  
Íslands

The Cultural  
Heritage Agency  
of Iceland

Minjavörður Vesturlands  
Hafnargata 3 340  
Stykkishólmur (354) 570 13  
12 (354) 895 18 80  
www.minjastofnun.is  
Kennitala: 440113-0280

Stykkishólmur, 16. maí 2023  
MÍ202305-0124/ 6.07 / M.A.S.

## Efni: Hvalfjarðarsveit. Vetniðsframleiðsla Grundartanga - umsagnarbeiðni um matsskyldu

Minjastofnun Íslands hefur móttækið tölvupóst Skipulagsstofnunar frá 4. maí s.l. þar sem óskað er eftir umsögn um matsskyldufyrirspurn ofangreindrar framkvæmdar.

Magnús A Sigurðsson  
Minjavörður  
magnus@minjastofnun.is

Fyrirtækið Qair Iceland undirbýr tilraunaframleiðslu vetnis á Grundartanga í samvinnu við Íslenska vetnisfélagið ehf. Vetnið verður notað til að þjónusta vetnisstöðvar Íslenska vetnisfélagsins víða um land. Settur verður upp 5 MW rafgreinir með möguleika á stækkun um helming. Framleiðslubúnaðurinn kemst fyrir í tveimur 40 feta gámum sem staðsettir verða á steyptri plötu, ásamt hjálparbúnaði sem tilheyrir framleiðslunni.

Í kafla 3.2 í matsskyldufyrirspurn er fjallað um mannvirki sem þarf til framleiðslunnar. Vetniðsframleiðsla af þessari stærðargráðu, 5 MW, kemst að mestu fyrir í tveimur 40 feta gámum en auk þess er búnaður sem tilheyrir og mun standa á steyptri plötu með gámunum. Flatarmál hvers gáms er um 30 m<sup>2</sup>. Áætluð stærð svæðis sem þarf fyrir starfseminna með fjórum gámum og athafnasvæði í kringum þá er alls um 1150 m<sup>2</sup>. Nákvæm staðsetning hefur ekki verið ákveðin og eru sýndar tvær staðsetningar, annars vegar í norðvestur horni lóðarinnar og hins vegar innan byggingarreits. Sett verður upp steyppt plata og framleiðslueiningum komið fyrir á henni. Framleiðslan krefst ekki byggingar á varanlegu húsnæði. Framleiðslan verður í gámum sem hægt er að flytja brott ef til þess kemur. Vinnusvæði innan athafnasvæðis verður malbikað eða jafnað með möl. Undirbúningur fyrir aðkomuveg inn á lóðina er hafin hjá landeigenda.

Í kafla 3.3 segir m.a.:  
Sótt verður um byggingarleyfi til Hvalfjarðarsveitar.

Ef staðsetning kallar á breytingu á deiliskipulagi verður það gert í samráði við Hvalfjarðarsveit.

Ef staðsetning starfseminnar kallar á að raska þurfi fornleifum verður sótt um leyfi Minjastofnunar Íslands. Leitast verður þó við að velja staðsetningu þannig að ekki verði röskun á minjum.

Fjallað er um menningarminjar í kafla 5.3.4. Fyrir liggja eftirtaldar skýrslur þar sem gerð er grein fyrir skráningu fornleifa á þessu svæði:

*Fornleifakönnun í landi Kataness á Hvalfjarðarströnd 2003.*  
Fornleifastofnun Íslands ses. 2003.


*Fornleifakönnun í Landi Kataness II. Úttekt á tveimur byggingarreitum vegna fyrirhugaðrar rafskautaverksmiðju.*  
Fornleifastofnun Íslands ses. 2003.

*Fornleifaskráning í Hvalfjarðarstrandarhreppi.* Fornleifastofnun Íslands ses. 2003.

Framkvæmdin er talin hafa óveruleg áhrif á menningarminjar þar sem svæðið sem framleiðslueiningar taka er um 1.150 m<sup>2</sup> að stærð, liggur utan þekkta minja og velja má staðsetningu innan lóðar þannig að ekki verði röskun á þekktum minjum.

Minjastofnun gerir ekki athugasemdir við matsskyldufyrirspurnina. Bent skal á að í 21. gr. laga um menningarminjar (Nr. 80/2012) stendur m.a.: *Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands. Og á 2. mgr. 24. gr. sömu laga sem hljóðar svo: Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.*

Virðingarfyllst,  
f.h. Minjastofnunar Íslands



Magnús A Sigurðsson  
Minjavörður Vesturlands

Sent í tölvupósti:

Sigurður Ásbjörnsson ([sigurdur.asbjornsson@skipulag.is](mailto:sigurdur.asbjornsson@skipulag.is))  
Skipulagsstofnun ([skipulag@skipulag.is](mailto:skipulag@skipulag.is))

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnstigi og ekki kærnlegar til aðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnstígulaga nr. 37/1993 gatur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.



# NÁTTÚRUFRÆÐISTOFNUN ÍSLANDS

Skipulagsstofnun  
Sigurður Ásbjörnsson  
Borgartún 7b  
105 Reykjavík

Garðabær, 1. júní 2023  
Málsnúmer: 202305-0013  
IAS

## Efni: Matskyldufyrirspurn vegna tilraunaframleiðslu Qair á vetni á Grundartanga


Vísað er í tölvubréf, dags. 4. maí 2023, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um matskyldufyrirspurn vegna tilraunaframleiðslu Qair á vetni á Grundartanga.

Um er að ræða framleiðslu á vetni með 5 MW rafgreini, með möguleika á stækkun um helming, á norðvestur horni lóðar þar sem Qair hyggst hefja framleiðslu á rafeldsneyti í stórum stíl, en matsáætlun fyrir þá framkvæmd var nýlega kynnt og gaf Náttúrufræðistofnun umsögn um matsáætlunina.


Náttúrufræðistofnun Íslands hefur kynnt sér gögnin um tilraunaframleiðsluna og telur að nægjanlega vel sé gerð grein fyrir framkvæmdinni og tekur undir að hún sé ekki líkleg til að hafa veruleg umhverfisáhrif og þurfi því ekki að fara í fullt mat á umhverfisáhrifum.

Virðingarfyllt,

Ingvar Atli Sigurðsson  
jarðfræðingur



Skipulagsstofnun  
Borgartúni 7b  
105 REYKJAVÍK



Reykjavík, 13. júní 2023  
Tilvísun: OS2023050020/22.2  
Skjalnúmer: 398440

**Efni: Matsskylda tilraunavetnisframleiðsla Qair Iceland við Grundartanga**

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar, dags 4. maí 2023, þar sem óskað er umsagnar Orkustofnunar um hvort og þá á hvaða forsendum stofnunin telji að áform fyrirtækisins Qair Iceland um tilraunaframleiðslu vetnis með rafgreiningu á iðnaðarsvæðinu við Grundartanga, Hvalfjarðarsveit, skuli háð umhverfismati með vísun til 20. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana, nr. 111/2021 og 9. gr. reglugerðar, nr. 1381/2021, um umhverfismat framkvæmda og áætlana, og að teknu tilliti til 2. viðauka í framangreindum lögum. Óskað er eftir því að í umsögn sé lagt mat á hvort nægjanlega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, umhverfisáhrifum, mótvægisáðgerðum og vöktun eftir því sem við á. Einnig óskar Skipulagsstofnun eftir því að í umsögn komi fram hvaða leyfi framkvæmdin er háð og varðar starfssvið Orkustofnunar.

Samkvæmt 6. gr. laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998 (auðlindalög), er nýting auðlinda úr jörðu háð leyfi Orkustofnunar hvort sem það er til nýtingar auðlinda í eignarlöndum eða í þjóðlendum. Með auðlindum er í lögnum átt við hvers konar frumefni, efnasambönd og orku sem vinna má úr jörðu, hvort heldur í föstu, fljótandi eða loftkenndu formi og án tillits til hitastigs sem þau kunna að finnast við. Grunnvatn er skv. auðlindalögum skilgreint sem vatn neðan jarðar í samfelldu lagi, kyrrstætt eða rennandi, og fyllir að jafnaði allt samtengt holrúm í viðkomandi jarðlagi. Nýting grunnvatns, hvort sem það er ferskt eða salt, kalt eða heitt er því háð framangreindu leyfi Orkustofnunar.

Orkustofnun vísar til umsagnar stofnunarinnar, dags. 3. mars sl., um matsáætlun sama fyrirtækis vegna áforma um vetnisframleiðslu á sama stað, en þar taldi stofnunin þörf á að bæta upplýsingar varðandi aðgengi að vatni, og hvaðan áformað væri að afla vatns til framleiðslunnar og hvernig raforkuþörf vegna starfseminnar verði sinnt. Jafnframt var þar bent á að framkvæmdir vegna styrkingar flutningskerfis þyrftu að vera tilgreind í kerfisáætlun Landsnets, sem jafnframt væri háð umhverfismati áætlana.


Í lýsingu í greinargerð framkvæmdaraðila vegna þessarar matsskyldufyrirsagnar er tilgreint að aðgengi að ferskvatni sé til staðar en þess hvernig getið hvaðan þess verður aflað. Að sönnu er ekki um mikið vatn að ræða (skv. lýsingu allt að 0,56 l/s) en lengi hefur gætt vandkvæða við öflun vatns til þeirrar starfsemi sem fyrir er á Grundartanga og því telur Orkustofnun rétt að ítreka fyrri ábendingar vegna þessarar starfsemi.

Þá vísar Orkustofnun til þess að þrátt fyrir að lýsingar í greinargerð fjalli um 5 MW framleiðslueiningu og lagningu 6 MW rafstrengs vegna þessa, eru áformin upp á tvær slíkar og út frá þeim tölum sem tilgreindar eru í greinargerðinni má gera ráð fyrir 12 MW orkuþörf. Þó að nokkrar raflinur liggja til fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis er ekki tilgreint í lýsingu hvort nægileg flutningsgeta sé fyrir þessa

viðbót frá þeirri starfsemi sem nú þegar er á svæðinu, ellegar hvort þörf sé á styrkingu flutningskerfis og/eða dreifikerfis vegna þessa.

Að öðru leyti gerir Orkustofnun ekki athugasemdir við framlögð gögn. Stofnunin tekur fram að hún tekur ekki afstöðu til þess hvort framkvæmdin skuli háð umhverfismati.

Virðingarfyllt,  
f.h. orkumálastjóra



Kristján Geirsson  
verkefnastjóri



Marta Rós Karlsdóttir  
sviðsstjóri

Skipulagsstofnun

Laugavegi 166  
105 Reykjavík

Reykjavík, 7. júní 2023  
Tilv.:23011601 / HZ


**Efni: Skipulagsmál - Eldsneytisframleiðsla Grundartanga - Beiðni um umsögn**

Samgöngustofu hefur borist beiðni um umsögn um matskyldufyrirspurn vegna fyrirhugaðrar tilraunaframleiðsu á vetnig á Grundartanga. Skv. lýsingu kemst framleiðslan fyrir í tveimur 40 feta gámum og þarf því ekki að byggja við eða breyta fyrirkomulagi hafnarinnar.

Við framkvæmdina skal leggja áherslu á að ekki verði neitt byggt eða framkvæmt sem skyggt getur á leiðarmerki hafnarinnar eða á annan hátt áhrif á öryggi siglinga.


Framkvæmdin er ekki háð leyfi frá Samgöngustofu.

Virðingarfyllt



Halldór Ó. Zoëga

Deildarstjóri siglinga- og hafnaeftirlits




Sigrún Henríetta Kristjánsdóttir

Deildarstjóri lögfræðideildar

UMHVERFIS  
STOFNUN

Skipulagsstofnun  
b.t. Sigurðar Ásbjörnssonar  
Borgartún 7b  
105 Reykjavík



Reykjavík, 26. maí 2023

UST202305-047/R.S.

10.05.00

## Efni: Mat á umhverfisáhrifum - matskyldufyrirspurn - Vetnisframleiðsla á Grundartanga

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar mótttekið þann 4. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Starfsemin er háð starfsleyfi Umhverfisstofnunar skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Stofnunin minnir á málshraðaviðmið stofnunarinnar fyrir útgáfu starfsleyfa er allt að 240 dagar frá móttöku fullnægjandi umsóknar.

### Framkvæmdarlýsing

Qair Iceland ehf (hér eftir nefnt framkvæmdaaðili) ásamt Íslenska vetnisfélaginu stefna að tilraunaframleiðslu á vetni með 5 MW rafgreini á Grundartanga. Áætlað er að vetnið verði notað sem orkugjafi á samgöngutæki, en framleiðslan á að þjónusta vetnisstöðvar Íslenska vetnisfélagsins sem hyggst fara í uppbyggingu á fleiri vetnisstöðvum. Gert er ráð fyrir að hægt sé að stækka framkvæmdina. Þó er óljóst hvað áætlað er að stækkunin sé mikil þar sem ósamræmi gætir í köflum 1 og 2.1 þar sem talað er um möguleika á stækkun um helming, en í töflu 2 má sjá upplýsingar um magntölur miðað við allt að tvöföldun framkvæmdarinnar.

### Umhverfisáhrif framkvæmdarinnar

Framkvæmdin er í nálægð við svæði í Hvalfirðinum sem skilgreint hefur verið á B-hluta náttúruminjaskrár vegna vistgerða, fugla og sela. Einnig er Hvalfjarðarströnd (náttúruminjasvæði nr. 235) í nágrenninu en þar er að finna fjölbreytt landslag og fuglalíf. Framkvæmdin er á skipulögðu iðnaðarsvæði þar sem fyrir er álver og járnblendir. Áætlað er að framkvæmdin verði á steiptum grunni en að öðru leyti að megninu til í tveim gámum sem hægt er að flytja á brott er þörf er á. Byggt á þessu telur Umhverfisstofnun að framkvæmdin muni ekki hafa áhrif á ásýnd svæðisins eða náttúruminjasvæðanna.

Samkvæmt upplýsingum í matskyldufyrirspurninni verður eina losunin frá stöðinni hreint súrefni sem verður losað í andrúmsloft og losun í vatn muni vera óveruleg. Mengun frá framkvæmdinni verður því minniháttar.

Aðföng fyrir framleiðsluna, vatn (1000 L/klst) og rafmagn (6 MW), eru aðgengileg á fyrirhuguðu framkvæmdarsvæði og ekki þörf á öðrum framkvæmdum þeirra vegna.

**Niðurstaða/Niðurlag**


Umhverfisstofnun telur að í fyrirspurninni sé gerð nægjanleg grein fyrir þeim umhverfisáhrifum sem framkvæmdin geti haft. Í fyrirspurninni er þó ekki ljóst hvort gert sé ráð fyrir möguleika á stækkun framkvæmdarinnar um helming eða tvöföldun hennar. Umhverfisstofnun telur að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda umtalsverðum umhverfisáhrifum og sé því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Virðingarfyllt,

Rakel Sæmundsdóttir  
**sérfræðingur**

Ríkey Kjartansdóttir  
**sérfræðingur**

Skipulagsstofnun  
B.t. Sigurður Ásbjörnsson  
Borgartúni 7b,  
105 Reykjavík



### Efni: Tilraunarframleiðsla vetnis á Grundartanga – matskyldufyrirspurn

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 4. maí 2023, þar sem óskað er eftir umsögn Vegagerðarinnar vegna tilkynningar sem unnin var af Værkis framkvæmd sem kann að vera háð mati á umhverfisáhrifum, skv. lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Vegagerðin skal í umsögn sinni gefa álit á því hvort og á hvaða forsendum framkvæmdin skuli háð mati á umhverfisáhrifum að teknu tilliti til 2. viðauka framangreindra laga.

-----  
Síða 1/1

Sérstaklega er beðið um að Vegagerðin gefi í umsögn sinni mat á því hvort nægilega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, umhverfisáhrifum, mótvægisáðgerðum og vöktun. Jafnframt hvort og þá hvaða atriði Vegagerðin telur þurfa að skýra frekar og hvort þau kalli á að framkvæmdin fari í umhverfismat að teknu tilliti til viðmiða í 2. viðauka laga nr. 111/2021.

*Fyrirhugaðar framkvæmdir snúa að tilraunarframleiðsla á vetni með rafgreiningu á Grundartanga. Um er að ræða 5 MW rafgreini, með möguleika á stækkun um helming. Framleiðslubúnaðurinn kemst fyrir í tveimur 40 feta gámum sem staðsettir verða á steyptri plötu, ásamt hjálparbúnaði sem tilheyrir framleiðslunni. Stækkunarmöguleiki er til að unnt verði að mæta eftirspurn eftir vetni í samgöngum ef til þess kemur.*

Vegagerðin hefur kynnt sér tilkynninguna og telur, með hliðsjón af hlutverki stofnunarinnar, að nægilega vel sé gerð grein fyrir helstu framkvæmdaþáttum og telur að sú viðbót sem hér sé til umfjöllunar sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif vegna umfangs, eðlis eða staðsetningar skv. 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

-----  
Vegagerðin  
Suðurhraun 3  
210 Garðabær  
+354 522 1000  
vegagerdin.is

vegagerdin  
@vegagerdin.is

Virðingarfyllt  
f.h. Vegagerðarinnar  
Sigurður Friðgeir Friðriksson

Undirskrift

SIGURÐUR FRIÐGEIR

# Vinnueftirlitið

Skipulagsstofnun  
Sigurður Ásbjörnsson  
Laugavegur 166  
105 REYKJAVÍK  
Ísland

Skulagsstofnun
MÖLL: - 9 maí 2023
MALNR:
20 23 04 03 3

Ísafjörður, 9.5.2023  
Tilvísun: 202305-0067/6.01.04

## Varðandi Tilraunaframleiðslu vetnis á Grundartanga.

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags 05.05.2023 þar sem óskað er eftir að Vinnueftirlitið gefi umsögn um skýrslu VSÓ Ráðgjöf um Tilraunaframleiðslu vetnis á Grundartanga, Matskyldufyrirspurn.

Matskyldufyrirspurn vegna tilraunarframleiðslu (e.pilot) á vetni á Grundartanga varðar ekki hlutverk Vinnueftirlitsins. Leiðbeinandi álit Vinnueftirlitsins er að umfang starfseminnar og eðli efna sé þannig að umhverfshætta sé hverfandi.

Vinnueftirlitið hefur farið yfir framlögð gögn og gerir ekki athugasemdir við framkvæmdina fyrir sitt leiti á þessu stigi, en minnir á að við hönnun, framkvæmdir og vinnslu í verksmiðjunni þarf að taka tillit til laga nr. 46/1980 um aðbúnað hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Um starfsemina eða hluta hennar gilda jafnframt eftirfarandi reglugerðir sem heyra undir stofnunina og taka þarf tillit til :

- nr. 581/1995 um Húsnæði vinnustaða
- nr. 1005/2009 um Vélar og tæknilegan búnað
- nr. 553/2004 um Verndun starfsmanna gegn hættu á heilsuþjóni af völdum efna á vinnustöðum
- nr. 390/2009 um Mengunarmörk og aðgerðir til að draga úr mengun á vinnustöðum
- nr. 1077/2010 um Flutning á hættulegum farni á landi
- nr. 727/2018 um Tæki sem brenna gasi, ef gas verður notað
- nr. 1050/2017 um Varnir gegn hættu á stórslysum af völdum hættulegra efna, meta þarf hvort magn hráefna sem geymt er geri að verkum að starfsemin falli undir þessa reglugerð.

Vinnueftirlitið tekur fram að verja þarf starfsmenn fyrir skaðlegum áhrifum hættulegra efna, ef þau eru til staðar. Fylgjast þarf með magni efna í vinnuumhverfinu og tryggja að styrkur sé innan marka sem getið er í reglugerðum nr. 390/2009 og reglum nr. 429/1995.

Virðingarfyllst,  
f.h. Vinnueftirlits ríkisins

*Elfar Reynisson*

Elfar Reynisson sérfræðingur

Afrit  
Skipulagsstofnun: [skipulag@skipulag.is](mailto:skipulag@skipulag.is), [sigurdur.asbjornsson@skipulag.is](mailto:sigurdur.asbjornsson@skipulag.is)